

## AGAREGLUGERÐ SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS – HELSTU ÁKVÆÐI

### 4. grein. Viðurlög

Brot á lögum og reglum SÍ getur varðað áminningu, keppnisbanni eða banni við annarri aðkomu að skákviðburðum sem haldnir eru á vegum SÍ eða aðildarfélaga þess, sem gildir ýmist á einstökum mótum eða í tiltekinn tíma.

### 5. grein. Ósæmileg framkoma

Hver sá sem sýnir af sér framkomu sem andstæð er almennu velsæmi eða óíþróttamannslega hegðun í tengslum við skákviðburð skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

### 7. grein. Óeðlileg afskipti af úrslitum skáka

Hver sá sem tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum skáka eða skákmóta með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein. Hér er m.a. átt við það ef úrslitum skáka er hagrætt í tengslum við veðmál eða af öðrum ástæðum.

### 8. grein. Svindl

Hver sá sem gerist sekur um svindl eða aðstoðar skákmann við að svindla á skákmóti skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

### 9. grein. Mismunun, áreitni o.fl.

Hver sá sem á skákviðburði eða í tengslum við hann eða í störfum fyrir SÍ misbýður með meiðandi hætti öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, eða stöðu að öðru leyti skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

Hver sá sem á skákviðburði eða í tengslum við hann eða í störfum fyrir SÍ beitir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, ofbeldi eða einelti skal sæta viðurlögum skv. 4. gr. Við mat á því hvaða háttsemi fellur hér undir er rétt að hafa hliðsjón af gildandi landslögum og reglum þar að lútandi

Ef fyrir liggur að aðili hafi beitt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi er mótshaldara heimilt að meina honum þátttöku á skákviðburði sem brotápoli sækir. Heimild þessi gildir óháð því hvort viðkomandi aðili hefur sætt viðurlögum skv. 4. gr. og einnig burtséð frá því hvort umrædd háttsemi átti sér stað í tengslum við skákviðburð eða ekki.

Agareglugerðina má finna í heild sinni á [www.skaksamband.is](http://www.skaksamband.is).